


SAMANBURÐUR Á ORKUKOSTNAÐI
HEIMILA ÁRIÐ 2023



Samanburður á orkukostnaði heimila

Líkt og undanfarin ár, hefur Byggðastofnun fengið Orkustofnun til að reikna út kostnað á ársgrundvelli, við raforkunotkun og húshitun á sömu fasteigninni, á flestum þéttbýlisstöðum og í dreifbýli. Viðmiðunareignin er einbýlishús, 140 m² að grunnfleti og 350m³. Almenn raforkunotkun er sú raforka sem er notuð í annað en að hita upp húsnæði, s.s. ljós og heimilistæki, en miðað er við 4.500 kWst í almennri rafmagnsnotkun og 28.400 kWst við húshitun án varmadælu en 14.200 kWst með varmadælu. Gert er ráð fyrir að „loft í vatn“ varmadæla skili 50% sparnaði á raforku til húshitunar en orkusparnaðurinn er þó háður ýmsum þáttum (sjá í kaflanum Fyrirvari og aðrar upplýsingar). Árlegir útreikningar eru nú til frá árinu 2014 og eru uppfærðir eftir því sem ástæða þykir til. Við útreikninga er almenn rafmagnsnotkun og fastagjald tekin saman annarsvegar og hitunarkostnaður hins vegar. Gjöldin eru reiknuð út samkvæmt gjaldskránni þann 1. september 2023.

Alls eru 91 byggðakjarnir í greiningunni og ná tölur fyrir þá aftur til ársins 2014. Auk þess er orkukostnaður fyrir dreifbýli án hitaveitu birtur í skýrslunni. Byggðakjarnarnir eru: Akranes, Akureyri, Árskógssandur, Bakkafjörður, Bifröst, Bildudalur, Blönduós, Bolungarvík, Borg í Grímsnesi, Borgarfjörður eystri, Borgarnes, Brautarholt á Skeiðum, Breiðdalsvík, Búðardalur, Dalvík, Djúpvogur, Drangsnæs, Egilsstaðir, Eskifjörður, Eyrarbakki, Fáskrúðsfjörður, Fellabær, Flateyri, Flúðir, Garðabær, Garður, Grenivík, Grindavík, Grímsey, Grundarfjörður, Grundarhverfi á Kjalarnesi, Hafnarfjörður, Hafnir, Hauganes, Hella, Hellissandur, Hnífsdalur, Hofsós, Hólar í Hjaltadal, Hólmavík, Hrafnagil, Hrísey, Húsavík, Hvammstangi, Hvanneyri, Hveragerði, Hvolsvöllur, Höfn, Ísafjörður, Kirkjubæjarklaustur, Kópasker, Kópavogur, Laugarás, Laugarvatn, Melahverfi í Hvalfjarðarsveit, Mosfellsbær, Nesjahverfi í Hornafirði, Neskaupstaður, Ólafsfjörður, Ólafsvík, Patreksfjörður, Raufarhöfn, Reyðarfjörður, Reykholt í Biskupstungum, Reykhólar, Reykjahlíð, Reykjanesbær, Reykjavík, Rif, Sandgerði, Sauðárkrúkur, Selfoss, Seltjarnarnes, Seyðisfjörður, Siglufjörður, Skagaströnd, Stokkseyri, Stykkishólmur, Stöðvarfjörður, Suðureyri, Súðavík, Svalbarðseyri, Tálknafjörður, Varmahlíð, Vestmannaeyjar, Vík í Mýrdal, Vogar, Vopnafjörður, Þingeyri, Þorlákshöfn og Þórshöfn.

Á höfuðborgarsvæðinu eru í meginatriðum fjögur svæði m.t.t. orkukostnaðar. Sami kostnaður er í Reykjavík, Kópavogi og austurhluta Garðabæjar þar sem Veitur ohf. eru með sérleyfi fyrir flutning og dreifingu á rafmagni sem og til reksturs hitaveitu. Það sem er frábrugðið í Hafnarfirði og vesturhluta Garðabæjar (þ.m.t. Álfanesi) er að HS Veitur eru með sérleyfið fyrir flutning og dreifingu á rafmagni. Þá eru Seltjarnarnes og Mosfellsbær á dreifisvæði Veitna en þar eru staðbundnar hitaveitur, hvor með sitt sérleyfið. Á Selfossi eru Selfossveitur með hitaveitu en HS Veitur hafa sérleyfi fyrir flutning og dreifingu á rafmagni í stærstum hluta bæjarins og RARIK í nýjasta hluta hans sem hefur verið að byggjast upp. Því eru tvær kostnaðartölur í gögnunum fyrir raforku á Selfossi.

Þar sem þróun orkukostnaðar er sýnd á línuritum eru verð fyrri ára núvirt í samræmi við árlegt meðaltal vísitölu neysluverðs.

Samhliða þessari skýrslu kemur út mælaborð þar sem hægt er að skoða orkukostnað í byggðakjörnum á Íslandskorti, skoða raforku- og húshitunarkostnað sér og bæta við útreikningi fyrir varmadælu fyrir staði með beina rafhitun. [Mælaborðið er aðgengilegt á heimasíðu Byggðastofnunar](#). Excel skrá með orkukostnaði árin 2014 til 2023 er jafnframt aðgengileg á [heimasíðu Byggðastofnunar](#).

Fyrirvari og aðrar upplýsingar

Hafa ber í huga að á nokkrum stöðum er veittur afsláttur af gjaldskrá hitaveitu þar sem ekki er hægt að tryggja lágmarkshita vatns til notanda. Útreikningarnir miðast við upplýsingar um hitastig sem hitaveiturnar skila inn til Orkustofnunar, gjaldskrár dreifiveitna, orkusöluþyrirtækja og hitaveitna. Öll verð eru með sköttum og öðrum gjöldum.

Í útreikningum er áætlað að 50% sparnaður á húshitunarkostnaði náist með notkun „loft í vatn“ varmadælu. Reynslan með slíkum dælum hefur sýnt að notendur ná um það bil 50% sparnaði, sumir meira og aðrir minna og er það háð öðrum þáttum svo sem einangrun (þ.e. veggir, þak, gluggar og hurðir) og ástandi ofna- og lagnakerfis húsnæðisins. Auk þess getur notkunarhegðun breyst, t.d. að notandi hafi hlýrra innandyra, eftir að varmadæla er tekin í notkun. Sparnaður er jafnframt háður því að rétt stærð varmadælu sé valin.

Hér má sjá töflur um orkukostnað árin 2013 – 2023: <https://www.byggdastofnun.is/is/utgefid-efni/grof-og-skrar>

Hér má sjá sambærilega skýrslu Byggðastofnunar um orkukostnað heimila árið 2022: <https://www.byggdastofnun.is/is/utgefid-efni>

Hér er tengill á vefsíðuna um eingreiðslur hjá Orkustofnun: <https://orkustofnun.is/orkustofnun/umsoknir/eingreidsla-vegna-umhverfisvaennar-orkuoflunar/>


Hér er tengill á lög nr. 78/2002 um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar. Sjá kafla III um eingreiðslur: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2002078.html>

Hér er tengill á heimasíðu Orkuseturs með ýmsum fróðleik um raforku og húshitun: <https://orkusetur.is/>

Raforka

Notendur eru bundnir því að greiða fyrir flutning og dreifingu á rafmagni frá dreifiveitum sem hafa sérleyfi á viðkomandi svæði. Notendur geta keypt raforku af hvaða sölufyrirtæki sem er en þau eru nokkur og með mismunandi verð. Lægsta mögulega verð er það verð sem fæst með því að velja orkusala sem býður lægsta söluverð á raforku á hverjum tíma.


Lægsta mögulega verð fyrir viðmiðunareignina, með flutnings- og dreifingarkostnaði, fæst hjá Veitum á höfuðborgarsvæðinu og á Akranesi, um 87 þ.kr. (mynd 1). Hæsta gjald í skilgreindu þéttbýli er um 107 þ.kr. hjá Orkubúi Vestfjarða en raforkuverð eru hærri í dreifbýli, hjá RARIK og Orkubúi Vestfjarða, eða um 116-120 þ.kr.




Mynd 1. Raforka, lægsta mögulega verð.

Lægsta mögulega raforkuverð fyrir viðmiðunareign var töluvert hærra í dreifbýli en í þéttbýli fram til ársins 2021, þegar bilið þar á milli minnkaði mikið (mynd 2). Lægsta mögulega raforkuverð heimila í dreifbýli er nú um þriðjungji hærra en lægsta mögulega verð í þéttbýli. Árið 2023 hækkaði raforkuverð í þéttbýli um 0,4-3,9%, nema hjá Veitum þar sem raforkuverð lækkaði um 1,4%. Í dreifbýli lækkaði raforkuverð viðmiðunareignar um 7,0% hjá Orkubúi Vestfjarða og 3,1% hjá RARIK (mynd 3).

Í dreifbýli er raforka greidd niður með svokölluðu dreifbýlisframlagi sem hefur áhrif á raforkuverð ásamt breytingum á gjaldskrá. Dreifbýlisframlagið var aukið mikið árið 2021 og auk þess var því breytt þannig að það næði til allra þátta í verðskrá, þ.e. fastagjalds, orkugjalds og aflgjalds, en áður var aðeins orkugjaldið jafnað. Af sömu ástæðum varð lækun á raforkuverði í Grímsey það ár, þar sem rafmagn er framléitt með díselrafstöð. Dreifbýlisframlag var aftur hækkað nokkuð á milli árunna 2022 og 2023.



Mynd 2. Raforka, þróun lægsta verðs 2014-2023 (verðlag ársins 2023).



Mynd 3. Raforka, breyting lægsta verðs m.v. árið 2014.

Húshitun


Þegar kemur að húshitunarkostnaði er munurinn á milli svæða mun meiri en á raforkuverði. Lægsti mögulegi kostnaður þar sem húshitun er dýrust er um þrefalt hærri en þar sem hún er ódýrust. Húshitunarkostnaður var fram til ársins 2021 hæstur á stöðum þar sem þarf að notast við beina rafhitun. Lægsta verð fyrir húshitun með rafmagni hefur þó lækkað talsvert síðustu ár, m.a. vegna niðurgreiðslna á dreifi- og flutningskostnaði og aukinnar samkeppni á raforkusölumarkaði. Sú þróun hefur gert það að verkum að lægsti mögulegi kostnaður fyrir beina rafhitun er nú orðinn lægri en þar sem eru kyntar hitaveitur eða dýrar hitaveitur. Þetta er háð því að almennir notendur kaupi raforku frá ódýrasta orkusöluaðila.

Húshitunarkostnaður þar sem kynt er með rafmagni getur jafnframt lækkað umtalsvert með notkun varmadæla. Þeir sem kynda íbúðarhúsnæði sitt með rafmagni geta sótt um eingreiðslu (styrk) til Orkustofnunar til að setja upp varmadælu. Þau svæði sem í þessari greiningu eru að öllu eða einhverju leyti með rafhitun eru eftirfarandi:

Bakkafjörður, Bíldudalur, Bolungarvík (einnig með kynta hitaveitu), Borgarfjörður eystri, Breiðdalsvík, Djúpvogur, Fáskrúðsfjörður, Flateyri (einnig með kynta hitaveitu), Grundarfjörður, Hellissandur, Hnífsdalur, Hólmavík, Ísafjörður (einnig með kynta hitaveitu), Kirkjubæjarklaustur, Neskaupstaður, Ólafsvík, Patreksfjörður (einnig með kynta hitaveitu), Raufarhöfn, Reyðarfjörður, Rif, Seyðisfjörður (einnig með kynta hitaveitu), Stöðvarfjörður, Suðureyri (einnig með kynta hitaveitu), Súðavík, Tálknafjörður, Vestmannaeyjar (einnig með kynta hitaveitu), Vík í Mýrdal, Vopnafjörður, Þingeyri og Þórshöfn.

Lækkun húshitunarkostnaðar í viðmiðunareign á þessum svæðum getur verið um 100 þúsund krónur á ársgrundvelli miðað við 50% sparnað með „loft í vatn“ varmadælu. Íbúar sem fá orkuna frá kyntri hitaveitu (fjarvarmaveitu) eða hitaveitu geta ekki fengið þessa eingreiðslu. Þó er mögulegt að fá eingreiðslu þar sem verið er að leggja hitaveitu á rafhituðum svæðum ef útreikningar sýna fram á að það sé hagstæðara fyrir viðkomandi íbúðarhúsnæði að vera áfram með niðurgreidda rafhitun heldur en hitaveitu. Hægt er að sækja um eingreiðslu vegna þess íbúðarhúsnæðis í Vestmannaeyjum sem er með beina rafhitun og á ekki kost á tengingu við sjóvarmaveituna.

Lægsti húshitunarkostnaður fyrir viðmiðunareign er í Brautarholti á Skeiðum og á Seltjarnarnesi um 75 þ.kr. og þar næst á Flúðum um 77 þ.kr. (mynd 4). Á þessum stöðum er lægsti húshitunarkostnaður um þriðjungur af kostnaðinum þar sem hann er hæstur. Hæsti húshitunarkostnaður fyrir viðmiðunareign er í Grímsey um 246 þ.kr., þar sem er olíukynding. Þar fyrir utan er húshitunarkostnaður fyrir viðmiðunareign hæstur á stöðum þar sem hitaveita er dýr eða notast er við kynta hitaveitu. Á Höfn í Hornafirði og í Nesjahverfi er nýleg hitaveita (RARIK) og húshitunarkostnaður viðmiðunareignar er 232 þ.kr. Á Grenivík er einnig hitaveita (Norðurorka) og þar er húshitunarkostnaður 231 þ.kr. Í Vestmannaeyjum er kynt hitaveita og þar er húshitunarkostnaður 225 þ.kr. fyrir viðmiðunareign. Á stöðum sem þurfa að nota beina rafhitun er lægsti húshitunarkostnaður fyrir viðmiðunareignina nú um 197 þ.kr., en með varmadælu er hér áætlað að hann geti verið um 99 þ.kr.




Mynd 4. Húshitun, lægsta mögulega verð.

Á næstu síðum verður fjallað um þróun lægsta mögulega verðs fyrir húshitun frá 2014 í hverjum landshluta fyrir sig. Upphæðir eru á verðlagi ársins 2023. Ýmsar aðrar ástæður en breytingar á gjaldskrá hitaveitna geta haft áhrif á þróun húshitunarkostnaðar, til dæmis niðurgreiðslur vegna rafhitunar, breytingar á virðisaukaskatti á húshitun eða samkeppni á raforkusölumarkaði. Til að mynda hækkaði virðisaukaskattur á húshitun úr 7% árið 2014 í 11% árið 2015 og árið 2016 breyttust svo niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar yfir í 100% niðurgreiðslur upp að 40.000 kWst á ári pr. húseign, en áður hafði aðeins hluti dreifi- og flutningskostnaðar verið niðurgreiddur. Þá hefur aukin samkeppni á raforkusölumarkaði frá árinu 2021 leitt til lækkunar á lægsta mögulega verði fyrir beina rafhitun. Árið 2022 hækkaði verð á olíu til húshitunar um 57% frá fyrra ári og 2023 varð aftur 21% hækkun, en vegna niðurgreiðslna höfðu hækkunar ekki áhrif á húshitunarkostnað í Grímsey.


Á höfuðborgarsvæðinu er húshitunarkostnaður viðmiðunareignar hæstur í Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði 134 þ.kr. (mynd 5). Öll þessi bæjarfélög eru með hitaveitu frá Veitum ohf. og fyrir þau gilda sömu verð. Verðið var nokkuð stöðugt frá 2014 til 2022 ef miðað er við verðlag ársins 2023. Hins vegar hækkaði verð fyrir hitaveitu í þessum byggðarlögum um 3,6% árið 2023. Í Grundarhverfi á Kjalarnesi er verðið nokkuð lægra eða um 111 þ.kr. og hefur lítið breyst frá 2014, fyrir utan samskonar hækkun árið 2023 og á öðrum stöðum þar sem Veitur ohf. eru með hitaveituna. Lægsti húshitunarkostnaður höfuðborgarsvæðisins er á Seltjarnarnesi hjá Hitaveitu Seltjarnarness, um 75 þ.kr., en hann hefur verið sá sami frá 2021 og því verið að lækka að raunvirði. Húshitunarkostnaður í Mosfellsbæ hjá Hitaveitu Mosfellsbæjar er einnig með lægra móti eða 95 þ.kr. og hefur lækkað um 8,8% síðan 2014.

Á Suðurnesjum eru allir byggðakjarnar með hitaveitu frá HS Veitum og verð og verðbreytingar eru svipuð alls staðar. Þar hefur lægsti húshitunarkostnaður hækkað um u.þ.b. 8,5% frá 2014. Lægsta verðið er í Reykjanesbæ 111 þ.kr. en í Grindavík, Suðurnesjabæ og Vogum er lægsti húshitunarkostnaður viðmiðunareignar milli 119 og 120 þ.kr. Hæsti húshitunarkostnaður í þéttbýli á Suðurnesjum er í Höfnum 129 þ.kr.

Á Vesturlandi eru hitaveitur í öllum byggðarlögum í greiningunni nema í byggðakjörnum Snæfellsbæjar og í Grundarfirði, þar sem er bein rafhitun. Í Ólafsvík, á Grundarfirði, Hellissandi og Rifi er lægsti húshitunarkostnaður 197 þ.kr., líkt og annars staðar á landinu þar sem kynda þarf með rafmagni, en áætlað er að hann geti verið um 99 þ.kr. með varmadælu. Verð fyrir beina rafhitun hefur lækkað mikið síðan 2014 eða um 28,8% ef miðað er við verðlag ársins 2023 (mynd 6). Í Búðardal er hitaveita á vegum RARIK en húshitunarkostnaður er 198 þ.kr. og hefur hækkað um 1,3% frá 2014. Á Bifröst kostar húshitun viðmiðunareignar 191 þ.kr., á Akranesi 144 þ.kr. og í Melahverfi 135 þ.kr. Í Stykkishólmi er lægsta verð 133 þ.kr. og í Borgarnesi og á Hvanneyri er það 123 þ.kr. Þessir staðir eru allir með hitaveitu frá Veitum ohf. og hefur verðið lítið breyst frá 2014, fyrir utan u.þ.b. 3,6% hækkun á árinu 2023.



Mynd 5. Húshitun á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum, þróun lægsta verðs 2014-2023 (verðlag ársins 2023).




Mynd 6. Húshitun á Vesturlandi, þróun lægsta verðs 2014-2023 (verðlag ársins 2023).


Á Vestfjörðum er hæsti húshitunarkostnaður í þéttbýli á Ísafirði, Patreksfirði, Suðureyri, Flateyri og í Bolungarvík, þar sem eru kyntar hitaveitur (mynd 7). Á þessum stöðum er lægsta verð fyrir kyndingu viðmiðunareignar 213 þ.kr. og hefur lækkað um 18,5% frá 2014. Þó eru ekki öll hús tengd fjarvarmaveitum og lægsti mögulegi húshitunarkostnaður er þá nokkuð lægri, eða sá sami og annars staðar á Vestfjörðum þar sem er hitað með rafmagni. Rafhitun er á Hólmavík, Þingeyri, Tálknafirði, Bíldudal, Hnífsdal og Súðavík og þar er lægsti húshitunarkostnaður viðmiðunareignar 197 þ.kr. og hefur lækkað um 29,6% frá 2014. Í Súðavík hefur húshitunarkostnaður lækkað um 32,9% því árin 2014 og 2015 var hann hærri þar en í öðrum byggðakjörnum með rafhitun. Staðurinn er skilgreindur sem dreifbýli hvað varðar raforku en vegna niðurgreiðslna er kostnaður þar nú sá sami og á öðrum stöðum með rafhitun. Á Reykhólum er hitaveita en lægsta verð fyrir húshitun þar er 179 þ.kr. sem er 12,0% hærra en árið 2022. Árið 2023 varð breyting á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitu á Reykhólum og byrjað að rukka orkugjald (kr/kWh) í stað rúmmetragsjalds (kr/m³). Lægsti húshitunarkostnaður viðmiðunareignar á Vestfjörðum er á Drangnesi, hjá Hitaveitu Drangness, 114 þ.kr. og hefur hann lækkað um 8,0% frá 2014.

Á Norðurlandi vestra eru allir byggðakjarnarnir í greiningunni með hitaveitu. Hæsti húshitunarkostnaður í þéttbýli á Norðurlandi vestra er hjá hitaveitum RARIK á Blönduósi og Skagaströnd 199 þ.kr. og hefur hann lækkað um 1,3% frá 2014 (mynd 7). Á Hvammstanga er Hitaveita Húnaþings vestra en þar er lægsti mögulegi húshitunarkostnaður viðmiðunareignar 118 þ.kr. og hefur lækkað frá 2014 um 1,4%. Lægsti húshitunarkostnaður á Norðurlandi vestra er hjá Skagafjarðarveitum, í Varmahlíð, á Hofsósi og Hólum um 105 þ.kr. og Sauðárkróki 109 þ.kr. Húshitunarkostnaður viðmiðunareignar í byggðakjörnum Skagafjarðar hefur lækkað um u.þ.b. 1,3% síðan 2014.

Á Norðurlandi eystra eru allir byggðakjarnarnir í greiningunni með hitaveitu nema Þórshöfn, Raufarhöfn, Bakkafjörður og Grímsey. Hæsti húshitunarkostnaður viðmiðunareignar er í Grímsey 246 þ.kr. þar sem er olúkynding (mynd 8). Á Þórshöfn, Raufarhöfn og Bakkafirði er húshitunarkostnaður viðmiðunareignar 197 þ.kr. og hefur hann lækkað um 28,8% á Þórshöfn og Raufarhöfn frá 2014. Á Bakkafirði hefur húshitunarkostnaður lækkað um 32,9% en árin 2014 og 2015 var kostnaðurinn hærri þar en í öðrum byggðakjörnum Norðurlands með rafhitun. Staðurinn er skilgreindur sem dreifbýli hvað varðar raforku en vegna niðurgreiðslna er kostnaður þar nú sá sami og á öðrum stöðum þar sem kynt er með rafmagni. Aðrir staðir á Norðurlandi eystra hafa hitaveitu og af þeim er húshitunarkostnaður hæstur á Grenivík hjá Norðurorku 231 þ.kr. og hefur lækkað um 12,9% frá 2014. Á Kópaskeri er húshitunarkostnaður viðmiðunareignar frá Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs 221 þ.kr. og hefur lækkað um 4,2% síðan 2014. Á Siglufirði hefur lægsti húshitunarkostnaður verið nokkurn veginn sá sami í krónum talið síðan 2015 og er 154 þ.kr. nú, en miðað við verðlag 2023 hefur hann lækkað um 21,7% frá 2014. Á Svalbarðseyri er húshitunarkostnaður 146 þ.kr., á Akureyri 136 þ.kr., í Hrísey 131 þ.kr. og á Ólafsfirði og í Hrafnagili 126 þ.kr. Allt eru það staðir með hitaveitu frá Norðurorku og þar lækkaði húshitunarkostnaður alls staðar um u.þ.b. 10% árið 2023. Dalvík, Árskógssandur og Hauganes hafa hitaveitu frá Hitaveitu Dalvíkur og húshitunarkostnaður þar er um 115 þ.kr. Á Dalvík hefur húshitunarkostnaður lækkað um 1,6% frá 2014 en á Árskógssandi og Hauganesi lækkað um 18,1% því árið 2015 breyttist gjaldskrá hitaveitunnar þannig að kostnaður þar varð sá sami og á Dalvík, en áður hafði hann verið hærri. Í Reykjahlíð hjá Hitaveitu Skútustaðarhrepps er húshitunarkostnaður viðmiðunareignar nú 111 þ.kr. og hefur lækkað um 12,7% frá 2014. Lægsti húshitunarkostnaður viðmiðunareignar á Norðurlandi eystra er á Húsavík, hjá Orkuveitu Húsavíkur, þar sem húshitunarkostnaður er 109 þ.kr. og hefur lækkað um 13,9% frá 2014. Orkustofnun gat ekki reiknað kostnað vegna hitaveitu á Laugum í Reykjadal að þessu sinni því hún hafði ekki upplýsingar um gjaldskrá hitaveitunnar.




Mynd 7. Húshitun á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra, þróun lægsta verðs 2014-2023 (verðlag ársins 2023).




Mynd 8. Húshitun á Norðurland eystra, þróun lægsta verðs 2014-2023 (verðlag ársins 2023).

Á Austurlandi er húshitunarkostnaður viðmiðunareignar í þéttbýli hæstur á Seyðisfirði, þar sem er kynt hitaveita, eða 208 þ.kr. og hefur hann lækkað um 25,5% frá 2014 (mynd 9). Ekki eru öll hús á Seyðisfirði tengd fjarvarmaveitu og þá er lægsti mögulegi húshitunarkostnaður nokkuð lægri, eða sá sami og annars staðar á Austurlandi þar sem er hitað með rafmagni. Á Austurlandi er rafhitun í byggðakjörnunum Reyðarfirði, Neskaupstað, Fáskrúðsfirði, Vopnafirði, Djúpavogi, Stöðvarfirði, Breiðdalsvík og Borgarfirði eystri. Þar er húshitunarkostnaður viðmiðunareignar 197 þ.kr., líkt og annars staðar á landinu þar sem er kynt með rafmagni, og hefur hann lækkað um 28,8% frá 2014. Húshitunarkostnaður hefur lækkað um 32,9% á Borgarfirði eystri en árin 2014 og 2015 var hann hærri þar en í öðrum byggðakjörnum með rafhitun. Staðurinn er skilgreindur sem dreifbýli hvað varðar raforku en vegna niðurgreiðslna er kostnaður þar nú sá sami og á öðrum stöðum með rafhitun. Á Eskifirði er hitaveita frá Hitaveitu Fjarðabyggðar, húshitunarkostnaður viðmiðunareignar er 155 þ.kr. og hefur lækkað um 16,5% frá 2014. Lægsti húshitunarkostnaður á Austurlandi er hjá HEF veitum í Fellabæ 120 þ.kr. en þar næst á Egilsstöðum 125 þ.kr. Húshitunarkostnaður þar hefur hækkað um tæp 2% síðan 2014.

Á Suðurlandi er húshitunarkostnaður viðmiðunareignar hæstur í Nesjahverfi og á Höfn í Hornafirði 232 þ.kr. (mynd 10). Þar kom hitaveita árið 2021 en áður var kynt hitaveita á Höfn en rafhitun í Nesjahverfi sem er skilgreint sem dreifbýli hvað varðar raforku. Í Vestmannaeyjum er kynt hitaveita (fjarvarmaveita) en þar er húshitunarkostnaður viðmiðunareignar 225 þ.kr. og hefur hækkað um 21,8% að raunvirði frá 2021, vegna hækkunar á gjaldskrá fyrir fjarvarmaveituna. Á Hvolsvelli og á Hellu er hitaveita frá Veitum ohf., húshitunarkostnaður viðmiðunareignar er 198 þ.kr. og hefur hækkað um 4,2% síðan 2014. Í Vík og á Kirkjubæjarklaustri er kynt með rafmagni og þar er húshitunarkostnaður viðmiðunareignar 197 þ.kr., líkt og annars staðar þar sem er rafhitun. Húshitunarkostnaður þar hefur lækkað um 28,8% frá 2014. Á Borg í Grímsnesi er Hitaveita Grímsness- og Grafningshrepps, húshitunarkostnaður viðmiðunareignar er 189 þ.kr. og hefur hann hækkað um 6,7% frá 2014. Á Eyrarbakka og Stokkseyri er hitaveita frá Selfossveitum sem kostar 144 þ.kr. fyrir viðmiðunareign og hefur hækkað um 17,9% síðan 2014. Svipuð hækkun hefur átt sér stað á húshitunarkostnaði á Selfossi, en þar er hann nokkuð lægri eða 132 þ.kr. Hveragerði og Þorlákshöfn eru á veitusvæði Veitna ohf. og þar hefur húshitunarkostnaður hækkað um u.þ.b. 4% frá 2014. Kostnaður fyrir viðmiðunareign er 147 þ.kr. í Hveragerði en 116 þ.kr. í Þorlákshöfn. Í Reykholti í Biskupstungum, á Laugarvatni og í Laugarási kemur heitt vatn frá Bláskógaveitu, húshitunarkostnaður viðmiðunareignar er 83 þ.kr. og hefur lækkað um 4,3% síðan 2014. Á Flúðum, hjá Hitaveitu Flúða, er húshitunarkostnaður 77 þ.kr. og hefur hækkað um 2,2% frá 2014. Lægsti húshitunarkostnaður viðmiðunareignar á Suðurlandi og á landinu öllu er í Brautarholti á Skeiðum hjá Hitaveitu Brautarholts. Þar er húshitunarkostnaður viðmiðunareignar 75 þ.kr. og hefur hann hækkað um 3,8% frá 2014, mest milli 2020 og 2021 þar sem gjaldskrá var óbreytt árin 2015-2020. Frá 2021 hefur gjaldskráin svo aftur haldist óbreytt og húshitunarkostnaður því verið að lækka talsvert að raunvirði.



Mynd 9. Húshitun á Austurlandi, þróun lægsta verðs 2014-2023 (verðlag ársins 2023).



Mynd 10. Húshitun á Suðurlandi, þróun lægsta verðs 2014-2023 (verðlag ársins 2023).


Heildarorkukostnaður

Heildarorkukostnaður, þ.e.a.s. raforku- og húshitunarkostnaður viðmiðunareignar, er hæstur í Grímsey 374 þ.kr. þar sem rafmagn er framleitt með díselrafstöð og húsin kynt með olíu (mynd 11). Þar fyrir utan er heildarkostnaður hæstur í Hornafirði, í Nesjahverfi 352 þ.kr. og á Höfn 333 þ.kr. Á báðum stöðum er nýleg hitaveita en munurinn á heildarorkukostnaði í Nesjahverfi og á Höfn er að Nesjahverfi er skilgreint sem dreifbýli hvað raforkudreifingu varðar. Á Grenivík, þar sem einnig er hitaveita, er heildarorkukostnaður 332 þ.kr. Í Vestmannaeyjum er kynt hitaveita en heildarorkukostnaður viðmiðunareignar þar er 325 þ.kr. Á Kópaskeri er hitaveita og heildarorkukostnaður er 322 þ.kr. fyrir viðmiðunareign. Á Ísafirði, Patreksfirði, Suðureyri, Flateyri og í Bolungarvík er algengast að hús séu tengd kyntum hitaveitum og þar er heildarorkukostnaður 321 þ.kr. Í dreifbýli án hitaveitu, þ.m.t. á Bakkafirði, Borgarfirði eystri og í Súðavík, er heildarorkukostnaður 313-317 þ.kr. Á Seyðisfirði, þar sem er kynt hitaveita, er heildarorkukostnaður viðmiðunareignar 309 þ.kr. Á Borg í Grímsnesi, þar sem er hitaveita en byggðakjarninn skilgreindur sem dreifbýli, er heildarorkukostnaður 308 þ.kr. Í skilgreindu þéttbýli án hitaveitu á Vestfjörðum, þ.e.a.s. á Hólmavík, Tálknafirði, Bíldudal, Þingeyri og í Hnífsdal er heildarorkukostnaður viðmiðunareignar 304 þ.kr. Á Blönduósi, á Skagaströnd og í Búðardal er heildarorkukostnaður 300 þ.kr. en á Hvolsvelli og Hellu 299 þ.kr. Allt eru það staðir með hitaveitu. Í skilgreindu þéttbýli án hitaveitu, þar sem RARIK sér um flutning og dreifingu raforku, er heildarorkukostnaður 298 þ.kr. Það á við um Ólafsvík, Grundarfjörð, Hellissand, Rif, Neskaupstað, Reyðarfjörð, Vopnafjörð, Fáskrúðsfjörð, Djúpavog, Stöðvarfjörð, Breiðdalsvík, Vík í Mýrdal, Kirkjubæjarklaustur, Þórshöfn og Raufarhöfn. Á Reykhólum er heildarorkukostnaður 296 þ.kr. og á Bifröst 292 þ.kr.

Á Eskifirði er heildarorkukostnaður viðmiðunareignar 256 þ.kr. og á Siglufirði 255 þ.kr. Í Melahverfi í Hvalfjarðarsveit er heildarorkukostnaður 255 þ.kr., í Hrísey 251 þ.kr., í Hveragerði 248 þ.kr. og á Svarbarðseyri 247 þ.kr. Á Eyrarbakka og á Stokkseyri er heildarorkukostnaður 244 þ.kr.

Heildarorkukostnaður viðmiðunareignar er á bilinu 220 þ.kr. og 240 þ.kr. á Árskógssandi, í Hafnarfirði, í Garðabæ, í Stykkishólmi, á Selfossi, á Akranesi, á Drangnesi, á Akureyri, í Höfn, á Ólafsvík, á Dalvík, á Hauganesi, á Egilsstöðum, í Hrafnagili, á Hofsósi, í Borgarnesi, á Hvanneyri, í Reykjavík, í Kópavogi, í Fellabæ og á Hvammstanga. Heildarorkukostnaður er á bilinu 210 þ.kr. og 219 þ.kr. í Grindavík, í Sandgerði, í Vogum, í Þorlákshöfn, í Reykjahlíð, í Reykjanesbæ, á Sauðárkróki og á Húsavík. Í Varmahlíð og á Hólum í Hjaltadal er heildarorkukostnaður 207 þ.kr., í Grundarhverfi á Kjalarnesi 202 þ.kr. og í Brautarholti á Skeiðum 194 þ.kr. Í Laugarási er heildarorkukostnaður viðmiðunareignar 184 þ.kr. og í Mosfellsbæ 183 þ.kr.

Lægsti heildarorkukostnaður landsins er á Seltjarnarnesi 163 þ.kr. en þar næst á Flúðum 178 þ.kr.




Mynd 11. Orkukostnaður alls, lægsta mögulega verð.

Á næstu síðum verður fjallað um þróun heildarorkukostnaðar frá 2014 í hverjum landshluta fyrir sig. Upphæðir eru á verðlagi ársins 2023.


Á höfuðborgarsvæðinu er heildarorkukostnaður fyrir viðmiðunareignina hæstur í Hafnarfirði og vesturhluta Garðabæjar 234 þ.kr. (mynd 12). Næst hæsti heildarorkukostnaður á höfuðborgarsvæðinu er í Reykjavík, Kópavogi og austurhluta Garðabæjar 221 þ.kr. en þar hefur hann lækkað um 6,0% frá 2014. Í Grundarhverfi á Kjalarnesi er heildarorkukostnaður 202 þ.kr. og hefur lækkað um 6,8% síðan 2014. Lægsti heildarkostnaður höfuðborgarsvæðisins og á landinu öllu er á Seltjarnarnesi 163 þ.kr., en hann hefur lækkað nokkuð frá árinu 2021, eða um 9,8%. Heildarorkukostnaður viðmiðunareignar á höfuðborgarsvæðinu er svo næst lægstur í Mosfellsbæ 183 þ.kr. þar sem hann hefur lækkað um 13,6% síðan 2014.

Á Suðurnesjum er orkukostnaður víðast svipaður og hækkun alls staðar sú sama frá 2014 eða um 4,5%. Í Reykjanesbæ er heildarorkukostnaður viðmiðunareignar nú 212 þ.kr. en í Grindavík, Sandgerði, Garði og Vogum er hann 218-220 þ.kr. Í Höfnum er heildarorkukostnaður ívið hærri, eða 229 þ.kr.

Á Vesturlandi er heildarorkukostnaður viðmiðunareignar hæstur í Búðardal, þar sem hann er 300 þ.kr. og hefur lækkað um 2,5% frá 2014. Næst hæsti heildarorkukostnaður á Vesturlandi er 298 þ.kr. þar sem kynt er með rafmagni, þ.e.a.s. í Ólafsvík, í Grundarfirði, á Hellissandi og á Rifi, en hefur þó lækkað um 23,2% frá 2014 (mynd 13). Á Bifröst er orkukostnaður fyrir viðmiðunareign alls 292 þ.kr., í Melahverfi í Hvalfjarðarsveit 255 þ.kr. og Stykkishólmi 234 þ.kr. Á Akranesi hefur heildarorkukostnaður lækkað um 5,6% frá 2014 og er nú 231 þ.kr. Lægsti heildarorkukostnaður viðmiðunareignar á Vesturlandi er í Borgarnesi og á Hvanneyri 224 þ.kr.



Mynd 12. Orkukostnaður alls á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum, þróun lægsta verðs 2014-2023 (verðlag ársins 2023).




Mynd 13. Orkukostnaður alls á Vesturlandi, þróun lægsta verðs 2014-2023 (verðlag ársins 2023).


Á Vestfjörðum er heildarorkukostnaður viðmiðunareignar hæstur 321 þ.kr. á Ísafirði, í Bolungarvík, á Patreksfirði, Suðureyri og Flateyri, þar sem eru kyntar hitaveitur (mynd 14). Þó eru ekki öll hús á þessum stöðum tengd fjarvarmaveitum og heildarorkukostnaður er þá nokkuð lægri, eða sá sami og í öðru skilgreindu þéttbýli á Vestfjörðum þar sem er hitað með rafmagni. Árin 2014-2020 hafði hæsti heildarkostnaður í byggðakjarna á Vestfjörðum verið í Súðavík sem er skilgreind sem dreifbýli hvað raforkudreifingu varðar, en vegna aukins dreifbýlisframlags og samkeppni á raforkusöllumarkaði er kostnaður þar nú lægri en kostnaður notenda kyntra hitaveita eða 313 þ.kr. Á Hólmavík, Þingeyri, Tálknafirði, Bíldudal og í Hnífsdal, þar sem er bein rafhitun, er heildarorkukostnaður viðmiðunareignar 304 þ.kr. og hefur lækkað um 22,0% síðan 2014. Á Reykhólum er heildarorkukostnaður 296 þ.kr. Lægsti heildarorkukostnaður á Vestfjörðum er á Drangnesi 230 þ.kr., þrátt fyrir að þorpið sé skilgreint sem dreifbýli hvað varðar raforkudreifingu, en þar hefur heildarkostnaður lækkað um 12,1% frá 2014.

Á Norðurlandi vestra er heildarorkukostnaður viðmiðunareignar hæstur á Blönduósi og Skagaströnd 300 þ.kr. Á Hofsósi er heildarorkukostnaður 224 þ.kr. og hefur lækkað um 10,8% frá 2014. Þó húshitunarkostnaður sé með lægra móti á Hofsósi, líkt og í Varmahlíð og á Hólum, er þorpið skilgreint sem dreifbýli hvað raforkudreifingu varðar. Varmahlíð og Hólar eru hins vegar skilgreind sem þéttbýli og þar er lægsti heildarorkukostnaður á Norðurlandi vestra, eða 207 þ.kr. Á Hvammstanga er heildarorkukostnaður 220 þ.kr. og hefur lækkað um 3,7% frá 2014. Á Sauðárkróki er næst lægsti heildarorkukostnaður viðmiðunareignar á Norðurlandi vestra 210 þ.kr.

Á Norðurlandi eystra er heildarorkukostnaður hæstur 374 þ.kr. í Grímsey þar sem rafmagn er framleitt með díselrafstöð og hús kynt með olíu (mynd 15). Heildarorkukostnaður í Grímsey hefur þó lækkað um 15,1% frá 2014. Heildarorkukostnaður á Grenivík er 332 þ.kr. og á Kópaskeri 322 þ.kr. Á Bakkafirði hefur heildarorkukostnaðurinn lækkað mikið frá 2014, eða um 27,8%, og er nú 317 þ.kr. fyrir viðmiðunareign. Á Þórshöfn og Raufarhöfn hefur heildarorkukostnaður viðmiðunareignar lækkað um 23,2% og er hann nú 298 þ.kr. Á Siglufirði er heildarkostnaður 255 þ.kr. og hefur lækkað um 17,2% frá 2014. Í Hrísey er heildarorkukostnaður viðmiðunareignar 251 þ.kr., á Svalbarðseyri 247 þ.kr. og á Árskógssandi 235 þ.kr. Heildarorkukostnaður viðmiðunareignar er 229 þ.kr. á Akureyri og 227 þ.kr. í Hrafnagili og á Ólafsfirði. Á Dalvík og Hauganesi er heildarorkukostnaður 217 þ.kr. Lægsti heildarorkukostnaður fyrir viðmiðunareign á Norðurlandi eystra er á Húsavík 210 þ.kr. og næst lægsti í Reykjahlíð 212 þ.kr.




Mynd 14. Orkukostnaður alls á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra, þróun lægsta verðs 2014-2023 (verðlag ársins 2023).




Mynd 15. Orkukostnaður alls á Norðurlandi eystra, þróun lægsta verðs 2014-2023 (verðlag ársins 2023).

Á Austurlandi er heildarorkukostnaður viðmiðunareignar nú hæstur 317 þ.kr. á Borgarfirði eystri sem er skilgreindur sem dreifbýli hvað raforkudreifingu varðar (mynd 16). Þar hefur heildarorkukostnaður lækkað um 27,8% frá 2014. Á Seyðisfirði, þar sem er kynt hitaveita er heildarorkukotnaður 309 þ.kr. og hefur lækkað um 20,9% frá 2014. Í þéttbýli þar sem er bein rafhitun, á Neskaupstað, Vopnafirði, Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði og Breiðdalsvík, er heildarorkukostnaður viðmiðunareignar 298 þ.kr. og hefur lækkað um 23,2% frá 2014. Á Eskifirði er heildarkostnaðurinn 256 þ.kr. og hefur lækkað um 13,8% frá 2014. Lægsti heildarorkukostnaður á Austurlandi er í Fellabæ 221 þ.kr. og á Egilsstöðum 226 þ.kr. og þar hefur hann lækkað um u.þ.b. 3,5% miðað við verðlag 2023.

Á Suðurlandi er heildarorkukostnaður viðmiðunareignar hæstur 352 þ.kr. í Nesjahverfi í Hornafirði (mynd 17). Þar hefur heildarorkukostnaður þó lækkað um 19,8% síðan 2014. Á Höfn er heildarorkukostnaður 333 þ.kr. og hefur lækkað um 14,8% frá 2014. Í Hornafirði er nýleg hitaveita, en áður var rafhitun í Nesjahverfi og kynt hitaveita á Höfn. Munurinn á heildarorkukostnaði á þessum stöðum nú stafar af því að Nesjahverfi er skilgreint sem dreifbýli hvað raforkudreifingu varðar en Höfn sem þéttbýli. Í Vestmannaeyjum er kynt hitaveita en þar er heildarkostnaður 325 þ.kr. og hækkaði um 8,3% miðað við árið 2022. Á Borg í Grímsnesi er heildarorkukostnaður viðmiðunareignar 308 þ.kr. og á Hvolsvelli og Hellu er hann 299 þ.kr. Í Vík í Mýrdal og á Kirkjubæjarklaustri er heildarorkukostnaður 298 þ.kr., líkt og í öðru þéttbýli án hitaveitu þar sem RARIK sér um flutning og dreifingu á raforku, og hefur hann lækkað um 23,2% frá 2014. Í Hveragerði er heildarorkukostnaður viðmiðunareignar 248 þ.kr. og á Eyrarbakka og Stokkseyri er hann 244 þ.kr. Frá 2014 hefur heildarorkukostnaður lækkað um 1,8% í Hveragerði en hækkað á Eyrarbakka og Stokkseyri um 9,9%. Á Selfossi er heildarorkukostnaður 233 þ.kr. á dreifiveitusvæði RARIK og 232 þ.kr. þar sem HS Veitur eru með sérleyfi fyrir flutning og dreifingu raforku. Heildarkostnaður hefur hækkað um 4,5% á svæði RARIK og 9,6% á svæði HS Veitna frá 2014. Í Þorlákshöfn er heildarorkukostnaður fyrir viðmiðunareign 218 þ.kr. og hefur lækkað um 2,6% frá 2014. Í Reykholti í Biskupstungum og á Laugarvatni er heildarorkukostnaður 202 þ.kr. og hefur hann lækkað um 12,7% frá 2014. Þar er sami húshitunarkostnaður fyrir viðmiðunareign og í Laugarási sem einnig fær heitt vatn frá Bláskógarveitu en heildarorkukostnaður í Laugarási er hins vegar talsvert lægri en í hinum byggðakjörmunum í Bláskógabyggð eða 184 þ.kr. Það er vegna þess að Reykholt og Laugarvatn eru skilgreind sem dreifbýli hvað varðar raforkudreifingu en Laugarás sem þéttbýli. Í Brautarholti á Skeiðum er heildarorkukostnaður 194 þ.kr. og hefur lækkað um 10,6% frá 2014. Lægsti heildarorkukostnaður á Suðurlandi og sá næst lægsti á landinu er á Flúðum 178 þ.kr. og þar hefur hann lækkað um 4,6% síðan 2014.



Mynd 16. Orkukostnaður alls á Austurlandi, þróun lægsta verðs 2014-2023 (verðlag ársins 2023).



Mynd 17. Orkukostnaður alls á Suðurlandi, þróun lægsta verðs 2014-2023 (verðlag ársins 2023).